

Alþingi
Erindi nr. P 127/65

komudagur 8.11.2001

Heilbrigðisstofnun Austurlands

Austurvegur 20, 730 Reyðarfjörður, sími 470-1400, bréfs. 470-1409, kt 610199-2839

Heilbr. og trygginganefnd Alþingis
bt. Ágústs G. Ágústssonar
150 Reykjavík

Reyðarfirði 5/11/01

Varðar umsögn Heilbrigðisstofnunar Austurlands um frumvarp heilbrigðisráðherra til breytinga á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr 97/1990 með síðari breytingum.

Undirritaður hefur sent frumvarpið til umsagnar stjórnar, hjúkrunarráðs og læknaáðs stofnunarinnar. Umsagnir hjúkrunarráðs og læknaáðs fylgja með bréfi þessu sem sjálfstæð gögn.

Stjórn stofnunarinnar telur að frumvarpið sé til bóta fyrir starfsemi heilbrigðisþjónustunnar í landinu Vert er þó að benda á athugasemdir við lagafrumvarpið, þar sem vitnað er í "Heilbrigðisáætlun til ársins 2010", bls 21, og áfram.

Það er umhugsunarefni fyrir stjórnvöld að margir þættir í uppbyggingu heilbrigðisþjónustu á Íslandi eru sprotnir af framtaki einstaklinga, félagasamtaka, stofnana eða sveitarstjórna fremur en þings eða stjórnvalda. Mikilsvert er að hinn mikli velvilji íbúa og félagasamtaka og almenni áhugi á góðri heilbrigðisþjónustu fái að njóta sín áfram til góðs fyrir heilbrigði landsmanna, þótt stjórnvöld taki sér eðlilegt aðhald til stefnumörkunar.

Virðingarfyllst,



Einar Rafn Haraldsson, framkvstj.